

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 9. október 2009

---

### Tómas Már Sigurðsson nýr formaður Viðskiptaráðs Íslands

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, varaformaður Viðskiptaráðs, hefur tekið við formennsku í ráðinu fram að næsta aðalfundi í febrúar 2010.

Erlendur Hjaltason hefur ákveðið að segja af sér formennsku í Viðskiptaráði Íslands. Ástæður þess eru kunngerðar í bréfi sem sent var stjórn Viðskiptaráðs á mánudaginn síðasta.

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands þakkar Erlendi þau miklu og óeigingjörnu störf sem hann hefur unnið fyrir hönd ráðsins sem stjórnarformaður þess undanfarin 4 ár og stjórnarmaður síðustu 6 ár.

Bréf Erlendar má nálgast [hér](#).

### Uppvakningar viðskiptalífsins

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, ritaði eftirfarandi grein í Markaðinn í vikunni:

*Í mörgum hrollvekjum eru fyrirbæri sem nefnast uppvakningar í aðalhlutverki. Uppvakningar eru, samkvæmt íslenskri þjóðtrú, verur sem vaknað hafa upp eftir dauðann og ganga meðal lífenda. Yfirleitt gera þessar verur ekki annað en ógagn, stundum óskunda.*

*Þegar gengi krónunnar féll um páska 2008 og svo aftur við hrun fjármálakerfisins varð fjöldi fyrirtækja á Íslandi gjaldþrota. Fyrst og fremst gerðist það vegna þess hve skuldir jukust (gengis- eða verðtryggðar) og eignir rýrnuðu samhliða. Í framhaldinu gerðu háir vextir og óstarfhæfur fjármagnsmarkaður, samdráttur eftirspurnar og almennt minnkandi umsvif í hagkerfinu fyrirtækjum enn erfiðara fyrir og hefur því bæst í hóp gjaldþrota fyrirtækja.*

*Einhver hluti þessara fyrirtækja er þó enn starfandi, sum hver við aðstæður sem stuðla síður en svo að heilbrigðu viðskiptaumhverfi. Fjöldi fyrirtækja hefur færst undir forsjá ríkisins, með óbeinum hætti, í gegnum yfirtöku ríkisbankanna á þeim. Önnur búa við það óvissuástand að ekki hefur verið tekið á þeirra málum í bankakerfinu og því óljóst um framtíð reksturs og eignarhalds. Þetta ástand leiðir til vinnubragða sem skapa mikla röskun á almennu rekstrarumhverfi og getur hún verið af margvíslegum toga. [Lesu áfram...](#)*

## Ábyrgð og árangur stjórnarmanna – námskeið í HR

Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands bjóða upp á stutt nám fyrir einstaklinga sem gegna stjórnarsetu í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum. Markmið námsins, sem fer fram frá 21. október til 18. nóvember, er einkum að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika íslenskra fyrirtækja með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. með þjálfun á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Nánari upplýsingar um námið og fyrirkomulag þess má nálgast á heimasíðu [Háskólans í Reykjavík](#) eða [hér](#).

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Tæplega 396 þúsund erlendir ferðamenn sóttu Ísland heim á fyrstu 9 mánuðum ársins** og var síðasti mánuður annar stærsti septembermánuður frá því talningar Ferðamálastofu hófust.
- **Hagur breskra fyrirtækja batnaði í september** skv. könnun samtaka breskra atvinnurekenda og PWC.
- **Vöruviðskipti voru hagstæð um 3 ma. kr. í september** sem er þrettándi mánuðurinn í röð sem afgangur er af vöruskiptum. Heildarafgangur þessa árs nemur tæpum 48 mö. kr. samanborið við 43 ma. kr. halla á sama tíma í fyrra.
- **Góð þátttaka er á fjárfesting Seed-Forum** sem fer fram í dag, þar sem fimm íslensk og tvö norsk sprotafyrirtæki kynna starfsemi sína fyrir fjárfestum.
- **Fyrsta skuldabréfaútgáfa skráðs félags frá bankahruninu fór fram í vikunni**, en þá var tekinn til viðskipta nýr skuldabréfaflokkur frá Marel.
- **Fasteignaverð í Bretlandi hækkaði þriðja mánuðinn í röð núna í september**, sem gefur til kynna að efnahagsástandið þar í landi sé að batna.
- **Verðmæti sölu á fiskmörkuðum í september var rúmlega 2 ma. kr.** sem er ríflega 60% meira en á sama tíma í fyrra.
- **Verðbréf vestanhafs tóku kipp uppá við í vikunni** í kjölfar uppgjors Alcoa, fregna um minnkandi atvinnuleysi og vöxt í þjónustugeiranum.
- **Lánasamningur við Pólland var undirritaður í Ístanbúl í vikunni**, en samningurinn kveður á um 200 milljón dollara lán til Íslands.
- **Fyrirtækið Uppspretta hefur opnað örlánavef** sem veitir fólki og fyrirtækjum örlán og leiðir saman fólk með hugmyndir sem þarfnast fjármagns og þá sem tilbúnir eru að veita þeim lán.



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Góða helgi.